

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-5/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 13. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings í tengslum við skipti á tímareim, en tímareimaskiptin voru framkvæmd af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 19. janúar sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 26. janúar. Með bréfi, dags. 6. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 19. febrúar. Með bréfi, dags. 24. febrúar, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og bárust þau hinn 6. mars. Hinn 22. júní voru gögn málsins send sérfræðingi í bifreiðamálum og skilaði hann álitinu sínu hinn 28. júlí. Með bréfi, dags. 30. júlí var aðilum máls gefinn kostur á að gera athugasemdir við álit sérfræðingsins og frestur til þess til 9. ágúst. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 13. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 29. nóvember 2012 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda. Var bifreiðin af gerðinni VW Passat, fyrst skráð 3. júní 2004. Við kaupin gat seljandi ekki staðfest að fyrri eigandi hefði látið skipta um tímareim bifreiðarinnar. Sömdu aðilar því um að seljandi myndi sjá um að skipta um tímareim bifreiðarinnar og vatnsdælu, ásamt öðrum hlutum bifreiðarinnar sem voru í ólagi. Af gögnum málsins verður ráðið að í október 2014 hafi álitsbeiðandi orðið var við einhverjar bilanir í bifreiðinni og var bifreiðin skoðuð á umboðsverkstæði hinn 27. október 2014. Þar kom í ljós að vatnsdæla í vél lak og var talið líklegt að bifreiðin myndi skemmast mikið ef ekki yrði gert við dæluna sem fyrst. Þá taldi verkstæðið að einnig yrði að skipta um tímareim. Greiddi álitsbeiðandi kr. 17.493 fyrir bilanagreininguna.

Í kjölfar þessa segist álitsbeiðandi hafa leitað til seljanda og óskað eftir því að félagið myndi sjá um að skipta um vatnsdælu og tímareim á sinn kostnað, enda hvort tveggja enn í tveggja ára ábyrgð. Mun seljandi hafa hafnað þessu, en þess í stað bent álitsbeiðanda á að hann ætti rétt á að fá varahlutina án endurgjalds hjá aðila þeim er flutti hlutinn inn. Sá aðili neitaði hins vegar að afhenda álitsbeiðanda umrædda varahluti, þar eð álitsbeiðandi var ekki upphaflegur kaupandi hlutanna, heldur nefndur seljandi.

Varð úr að álitsbeiðandi fór með bifreiðina á annað verkstæði í lok nóvember 2014. Þar var skipt um hvort tveggja tímareim og vatnsdælu fyrir kr. 76.340. Krefst seljandi þess að álitsbeiðandi greiði sér skaðabætur sem nemi útlögðum kostnaði vegna framangreinds. Meðfylgjandi álitsbeiðni eru ljósmyndir af umræddri tímareim, þar sem sjá má töluverða tæringu umhverfis reimina. Þá fylgdu álitsbeiðni einnig afrit af reikningi vegna bilanagreiningar, dags. 27. október 2014, afrit af reikningi vegna viðgerðar, dags. 26.

nóvember 2014 ásamt reikningi gefnum út af seljanda, dags. 29. nóvember 2012, þar sem útlistaðar eru viðgerðir á hinni umþrættu viðgerð, þ.m.t. um skipti á tímareim og vatnsdælu.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur að ábyrgðir verði að byggjast á því að tilkynnt sé um galla eða bilun um leið og hennar verður vart. Seljandi hafi skipt um tímareim og vatnsdælu í hinni umræddu bifreið hinn 29. nóvember 2012. Varahlutir til verksins hafi verið keyptir hjá umboðsaðila bifreiðarinnar. Skömmu áður en tvö ár voru liðin frá viðgerðinni hafi álitsbeiðandi síðan komið á verkstæði seljanda og upplýst um kælivatnsleka í vél bifreiðarinnar. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi sagt að lekinn hefði verið meira eða minna viðvarandi frá því viðgerð seljandi átti sér stað. Þá hafi álitsbeiðandi við sama tilefni tekið fram að hann hefði sjálfur séð um að bæta vökva á kælikerfi bifreiðarinnar. Segir seljandi að sitt mat sé að þarna hafi álitsbeiðandi brotið grundvallarreglu ábyrgðar; að álitsbeiðandi hefði átt, um leið og hann varð lekans var, að leita eftir greiningu fagaðila á því hvers kyns var. Telur seljandi að vegna þess að álitsbeiðandi hafi ekki gert það, hafi krafa hans um kostnaðarþátttöku seljanda vegna viðgerðar á tímareim og vatnsdælu verið of seint fram komin. Segir seljandi einnig að þrátt fyrir þetta hafi verið reynt að aðstoða álitsbeiðanda við að fá varahlutina sem um ræddi sér að kostnaðarlausu frá umboði. Álitsbeiðandi hafi hins vegar hundsáð þá aðstoð. Segir seljandi að lokum að ábyrgð geti ekki virkað bara á annan veginn. Álitsbeiðanda hafi borið að tilkynna um bilun um leið og hann varð hennar var, en ekki draga það í nærri tvö ár. Í ljósi þess segist seljandi hafna kröfum álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafnar því að kvörtun hans hafi borist of sein. Hinn 27. október 2014 hafi álitsbeiðandi farið með bifreiðina í viðgerð þar sem komið hafi í ljós að um gallaðan varahlut var að ræða. Segir álitsbeiðandi að það hafi verið fyrst þá sem hann hafi komist til vitundar um að vatnslás í vatnsdælu var gallaður. Strax í kjölfar þess segist álitsbeiðandi hafa rætt við starfsmann seljanda og upplýst hann um að hefði orðið var um umræddan galla. Segist álitsbeiðandi fram að því ekki hafa haft hugmynd um gallann. Af því leiði að kvörtun hans hafi ekki borist of seint. Þá hafnar álitsbeiðandi þeim fullyrðingum seljanda að um kælivatnsleka hafi verið að ræða í upphafi eða að þrálátur kælivatnspollur hafi verið undir bifreiðinni. Hefði svo verið segir álitsbeiðandi að hann hefði farið með bifreiðina mun fyrr í viðgerð og þá hefði gallinn komið fyrr í ljós. Þegar útséð hafi verið með að seljandi tæki þátt í viðgerðarkostnaði hafi álitsbeiðandi síðan leitað til annars verkstæðis sem gert hafi verið við bifreiðina. Þar hafi verið staðfest að um galla í vatnslás væri að ræða og að lekinn væri lítill, sem stangaðist á við það sem fram hafi komið í andsvörum seljanda. Að lokum tekur álitsbeiðandi fram að það hljóti einnig að teljast eðlilegt viðhald að bæta kælivatni og vélarolíu á tíu ára gamla bifreið.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi hafnar því að hann hafi ekki viljað „taka þátt“ í viðgerð vegna umskipta á vatnsdælu og tímareim að meðtöldum varahlutum, enda hafi seljandi boðið fram varahlutina álitsbeiðanda að kostnaðarlausu. Það hafi álitsbeiðandi hins vegar ekki þegið. Álitsbeiðandi tali hins vegar ekkert um samtal sitt við starfsmenn seljanda þar sem komið hafi fram að kælivatnsleki hafi verið viðvarandi í bifreiðinni allt frá viðgerð seljanda á henni í nóvember 2012. Segir seljandi að þegar

álitsbeiðandi hafi af þessu tilefni verið spurður hví hann hefði ekki leitað fyrr til seljanda vegna kælivatnslekans hefði hann svaraði því til að hann hefði talið að lekinn kæmi frá kælivatnskassa. Ítrekar seljandi að sú vitneskja álitsbeiðanda hafði átt að leiða til þess að hann leitaði strax til fagaðila. Ítrekar seljandi því þá afstöðu sína að kvörtun álitsbeiðanda sé of seint fram komin.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda í nóvember 2012. Bifreiðin er árgerð 2004 og fyrsti skráningardagur hennar 3. júní 2004. Bifreiðin var því rúmlega 8 ára á kaupdegi. Má ætla að um kaupin hafi gilt 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, þ.e. að bifreiðin hafi verið „seld í því ástandi sem [hún] er“, en svo er iðulega þegar seldar eru notaðar bifreiðar en kaupsamningur liggur ekki fyrir í gögnum málsins.

Eins og lýst er í álitsbeiðni hafði seljandi, sem er bifreiðaumboð, eignast bifreiðina frá þriðja aðila og gat seljandi ekki staðfest að skipt hefði verið um tímareim bifreiðarinnar. Varð því úr að aðilar sömdu um að seljandi myndi sjá um, á sinn kostnað, að framkvæma ýmsar viðgerðir á bifreiðinni og útvega varahluti þar að lútandi, m.a. skipta um tímareim og vatnsdælu. Var lokið við framangreindar viðgerðir 29. nóvember 2012. Álitsbeiðandi segist síðan fyrst hafa orðið var við galla á vatnsdælunni hinn 27. október 2014 þegar hann fór með bifreiðina á verkstæði. Þar hafi einnig komið í ljós að gallinn hafði valdið því að tæring hafði myndast í kringum tímareim og nauðsynlegt yrði að skipta um hana. Um það hvort umræddur varahlutur, þ.e. vatnsdælan, var haldin galla, virðast aðilar máls ekki deila. Virðast aðilar einnig sammála um að ísetning vatnsdællunnar hafi ekki valdið því að hún lak, heldur hafi hún gert það frá upphafi. Fær sú skoðun einnig stuðning í áliti sérfræðings þess sem kærunefndin leitaði til, en í áliti hans segir m.a.: „Tel ég, að teknu tilliti til gagna málsins, að bilun í vatnsdælu í umræddri bifreið verði rakin til galla í varahlut, fremur en galla við ísetningu.“ Í ljósi þess að nefndur seljandi útvegaði varahlutinn og ísetningu hans sem lið af kaupsamningi sínum við álitsbeiðanda verður einnig að líta á sem svo að álitsbeiðandi hafi getað beint kröfum sínum að seljanda og þar hann ekki að lúta því að sækja rétt sinn til þess aðila sem seldi nefndum seljanda varahlutinn. Þá gildir einu hvort litið sé á framangreint sem galla í skilningi a. liðar 1. mgr. 17. gr. laganna eða a. liðar 1. mgr. 16. gr., sbr. 15. gr. laganna auk þess sem ágreiningslaust er að um galla sé að ræða.

Ágreiningur aðila snýr hins vegar fyrst og fremst að því hvort álitsbeiðandi hafi tilkynnt seljanda um galla á vatnsdælu í tæka tíð. Um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla er fjallað í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í 2. mgr. 27. gr. segir m.a. að ef „neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar“. Ljóst er að sá frestur álitsbeiðanda var ekki litiðinn þegar hann kvartaði undan galla við seljanda tæpum tveimur árum eftir viðgerðir seljanda á bifreið hans. Í 1. mgr. 27. gr. segir hins vegar að ef „söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.“ Seljandi hefur í

málinu haldið því fram að álitsbeiðandi hefði átt að leita með bifreið sína á verkstæði vegna leka á kælivökva löngu áður en álitsbeiðandi gerði svo. Sökum þess að álitsbeiðandi hafi ekki gert það hafi hann því ekki borið fyrir sig galla á vatndælu í vél bifreiðar sinnar „án ástæðulauss dráttar“ í skilningi 1. mgr. 27. gr. laganna. Álitsbeiðandi hefur hafnað þessu og m.a. bent á að bifreiðin hafi verið um 10 ára gömul og því hafi verið eðlilegt að bæta á hana kælivökva og olíu án þess að slíkt vekti um grunsemdir um að eitthvað amaði sérstaklega að bifreiðinni og þá sérstaklega vatnsdælu í vél hennar. Í skýringum við 1. mgr. 27. gr. sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir m.a.:

„Tveggja mánaða fresturinn byrjar að líða þegar neytandi uppgötvar gallann. Það er ekki nægilegt til að fresturinn samkvæmt ákvæðinu byrji að líða að neytandinn hefði mátt uppgötva gallann. Hætta er á að erfiðleikar komi upp varðandi sönnun á því hvenær neytandi varð gallans var í raun og veru. Ber að túlka ákvæðið með hliðsjón af því að ekki er hægt að gera jafnstrangar kröfur til neytanda og seljanda sem hefur atvinnu sína af sölu.“

Kærunefndin telur, með vísan til framanrakinna skýringa við 1. mgr. 27. gr. laganna, að ekki verið fallist á það með seljanda að álitsbeiðandi hefði átt að fara með bifreiðina fyrir á verkstæði í tengslum við kælivökvaskort en hann gerði, þrátt fyrir að nauðsynlegt hafi verið að bæta kælivökva á vél bifreiðarinnar reglulega. Verður að fallast á það með álitsbeiðanda að í ljósi þess hve gömul bifreiðin var hafi slíkt mátt virðast, í augum leikmanns, eðlilegt. Getur kærunefndin því ekki fallist á það með seljanda að álitsbeiðandi hafi fyrirgert rétti sínum til að beina gallakröfu sinni að seljanda vegna ákvæða 1. mgr. 27. gr. laganna.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og galinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.

Að mati kærunefndarinnar verður að líta á kröfu álitsbeiðanda sem skaðabótakröfu skv. 33. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Kröfunni til stuðnings hefur álitsbeiðandi lagt fram tvo reikninga, samtals að fjárhæð kr. 93.833. Telur kærunefndin rétt að fallast á kröfu álitsbeiðanda.

VIII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 93.833

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir